


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	HTL 206	Kennsluáætlun haustönn 2013

Nafn kennara: Viðtalstímar kennara:	Sveina Björk Jóhannesdóttir Þriðjudagur kl 12.30-13.10	Sk.stöfun: Netfang:	SBJ sveina@vma.is
--	---	------------------------	----------------------


Áfangalýsing:

Nemendur læra meðhöndlun og blöndun lita fyrir mismunandi vefjarefni og garn .
Nemendur læra einnig blöndun og notkun litar og hjálparefna sem notuð eru við að mála og þrykkja lit á efni og læra að tileinka sér þær með tilraunum og prufuvinnu. Lögð er áhersla á fagleg, frumleg og sjálfstæð vinnubrögð.
Nemendur skila góðri hugmynda- og prufumöppu með greinagóðum og upplýsandi texta ásamt dagbók/greinargerð yfir vinnu sína í áfanganum.
Nemendur vinna síðan efni þar sem þeir sýna fram á notkun þess í tengslum við aðra áfanga t.d. FAT 203 og HTL 404 -503 og 603

Áfangamarkmið:

Að nemandi
geti litað bæði garn og vefjarefni með kemískum litum
geti valið efni út frá gæðaflokkum
þekki þau tæki og áhöld sem þarf við taulitun og meðferð þeirra.
geri vinnumöppu sem inniheldur ýmsar aðferðir taulitunar og málunar með upplýsandi texta.
þekki helstu tegundir lita og notkun þeirra á textíl
sé eftir áfangann fær um að lita og þrykkja efni uppá eigin spýtur
komi sér upp góðri verkefna og uppskriftabók ásamt tilraunum og prufum
geti þróað hugmynd eftir markvissu þróunarferli
kunni að tileinka sé nýngar í gegnum upplýsingamiðla, handbækur og fagtímarit
hafi þjálfað litasamsetningu fyrir textílhönnun
geti nýtt sér náttúru og eigin menningu sem uppsprettu hugmynda við eigin vinnu
sé fær um að rökstyðja eigið verk, taka gagnrýni og gagnrýna aðra á jákvæðan hátt.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Prufur efni og garn	Ýmiskonar litunar og þrykkaðferðir	25 %
Mappa með glósum og hugmyndavinnu, gátlisti	Glósur úr tímum, uppskriftir fyrir litun og litaspjöld. Hugmyndaöflun og skissuvinna	25 %
Vinnulag	Sjálfstæði, frumkvæði og utanumhald á hugmyndum. Virkni inná samskiptamiðlum. Facebook og Pinterest	10%
Dagbók/Greinargerð	Upplifun nemanda á áfanganum og verkefnum.	10 %
Mætingar	Samkvæmt kvarða	5 %
Lokavinna	Stærri efni lituð og þrykkt 3 stk. 7 % hvert (prufuvinna og greinargerð 2 % af hverju lokaefni) 1 þrykkt flík 4 %	25 %

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	HTL 206 Kennsluáætlun haustönn 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Fjarvistir:

Fjarvistastig í þessum áfanga eru hámark 18 stig.

Ef að fjarvistir verða fleiri verða nemendur að leita til síns kennslustjóra og sækja um leyfi til áframhaldandi setu í áfanganum.

Námsgögn:

Ýmsar textílfagbækur og tímarit. Tísku og hóbýlablöð, tímarit á netinu og svo framvegis.

Ýmis myndbönd tengd faginu.

Staðsett í G06

Innkaup:

Nemendur þurfa að eiga góða skissubók, fæst á skrifstofu, möppu fyrir glósur og uppskriftir. Kassa eða möppu undir prufur, blýanta, gúmíhanska eða einnota hanska, pappírsskæri, pappírslím og ritgerðarspjöld á prufur svo eitthvað sé nefnt!

Mjög mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.

Verkefni sem ekki verða sótt á skiladegi annarinnar verða geymd í 1 ár án ábyrgðar!

Með fyrirvara um breytingar; Sveina Björk Jóhannesdóttir

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða kennslustjóra